

## REGLUGERÐ

### um alþjóðlegar öryggisaðgerðir varðandi geryðingarvopn.

#### 1. gr.

##### *Almenn ákvæði.*

Reglugerð þessi er sett til þess að framfylgja ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um öryggisaðgerðir varðandi geryðingarvopn nr. 1540 (2004), 1673 (2006) og 1810 (2008).

Ákvarðanir nefndar öryggisráðsins um geryðingarvopn (1540-nefndarinnar), sbr. ályktun nr. 1540 (2004), eru birtar á vefsetri hennar (<http://disarmament2.un.org/Committee1540/index.html>).

Ákvæði reglugerðar nr. 119/2009 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða skulu gilda um framkvæmd reglugerðar þessarar.

#### 2. gr.

##### *Meðferð geryðingarvopna.*

Enginn annar en ríki má þróa, framleiða, afla, safna, nota, útvega, eiga, flytja, miðla, eiga viðskipti með eða hafa í vörslu sinni kjarna-, efna-, sýkla- eða eiturvopn eða burðarkerfi fyrir slík vopn, sbr. lög nr. 17/2000 um framkvæmd samnings um bann við framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra, lög nr. 25/2001 um framkvæmd samnings um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn og ákvæði almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Bann skv. 1. mgr. tekur einnig til tilraunar og hlutdeildar í athöfnum sem bann er lagt við og þess að veita hvers konar þjónustu í tengslum við hana, þ. á m. fjármögnunar- eða fjármálaþjónustu, sbr. 1.-3. mgr. ályktunar nr. 1540 (2004).

#### 3. gr.

##### *Tilkynningar og leyfi.*

Aðilum, sem þróa, framleiða, afla, safna, nota, útvega, eiga, flytja, miðla, eiga viðskipti með eða hafa í vörslu sinni vörur, tækni eða þjónustu sem getur nýst til þess að þróa, framleiða, afla, safna, nota, útvega, eiga, flytja, miðla, eiga viðskipti með eða hafa í vörslu sinni kjarna- eða efnavopn eða lífræn vopn eða burðarkerfi fyrir slík vopn, er skylt:

- a) að tilkynna það utanríkisráðuneytinu,
- b) að koma tryggilega í veg fyrir aðgang óviðkomandi aðila að þeim vörum og þeirri tækni,
- c) að afla innflutningsleyfis frá utanríkisráðuneytinu áður en slíkar vörur eða tækni er flutt til landsins eða hefur viðkomu hérlendis og
- d) að afla útflutningsleyfis frá utanríkisráðuneytinu áður en slíkar vörur, tækni eða þjónusta er flutt út úr landinu,

sbr. lög nr. 4/1988 um útflutningsleyfi o.fl. og 3. mgr. ályktunar nr. 1540 (2004).

#### 4. gr.

##### *Alþjóðasamningar.*

Ákvæði þessa kafla hafa ekki áhrif á réttindi eða skuldbindingar Íslands samkvæmt samningnum um að dreifa ekki kjarnavopnum frá 1. júlí 1968, sýkla- og eiturvopnasamningnum frá 10. apríl 1972 eða efnavopnasamningnum frá 13. janúar 1993 og breyta ekki réttindum eða skyldum Alþjóða-kjarnorkumálastofnunarinnar eða Efnavopnastofnunarinnar, sbr. 5. mgr. ályktunar nr. 1540 (2004).

#### 5. gr.

##### *Undanþágur frá öryggisaðgerð.*

Ráðherra getur veitt undanþágur frá öryggisaðgerðum, sem gripið hefur verið til á grundvelli ályktana öryggisráðsins, af mannúðarástæðum eða öðrum ástæðum.

6. gr.  
*Viðurlög.*

Hver sá sem brýtur gegn þvingunaraðgerðum skv. lögum nr. 93/2008 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða skal sæta viðurlögum skv. 10. gr. laganna, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

7. gr.  
*Heimild.*

Reglugerð þessi er sett með heimild í 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

8. gr.  
*Gildistaka.*

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Utanríkisráðuneytinu, 20. janúar 2009.*

**Össur Skarphéðinsson.**

\_\_\_\_\_  
*Benedikt Jónsson.*